

Sp.

334. Fyrirspurnir.

[171. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um tengingu byggðalínu við orkuveitukerfi Skagafjarðar.

Frá Ragnari Arnalds.

Hvenær tengist orkuveitukerfi Skagafjarðar við byggðalínu milli Akureyrar og Reykjavíkur með byggingu spennistöðvar við Varmahlíð?

II. Til heilbrigðisráðherra um rannsóknir á mengun í álverinu í Straumsvík.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hefur farið fram rannsókn á mengun innan veggja álversins í Straumsvík eða öðrum atriðum, sem kunna að vera hættuleg heilsu starfsmanna?
2. Hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins látið í ljós álit sitt á starfsumhverfi innan veggja álversins og heilsugæslu þar?

III. Til sjávarútvegsráðherra um útflutningsgjald af grásleppuhrognum.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hversu hárrí upphæð nam útflutningsgjald af grásleppuhrognum árið 1976?
2. Hvernig var þessari upphæð ráðstafað og hvaða aðilar nutu þess fjármagns er inn kom í þessu útflutningsgjaldi af grásleppuhrognum?
3. Hvað var mikið verðmæti unnið hér á landi árið 1976 úr söltuðum grásleppuhrognum, og hvert voru þessar afurðir seldar?